

## 3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 88 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni eða er fengið af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs skal þó aldrei vera lægra en 2000 kr.

## 4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 11 900 kr. fyrir hvert leyfi.

## 5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.15, ufsi 0.54, karfi 0.41, grálúða 0.70, skarkoli 0.72, rækja 0.95, humar 11.70, hörpudiskur 0.39, síld 0.09, loðna 0.05.

## 6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda. Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þó veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis og Fiskistofu.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá 1. september 1992 reglugerð nr. 377/1991.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um bann við togveiðum á Strandagrunni.

## 1. gr.

Frá og með 15. ágúst 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línnum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°01'N – 22°12'30"V
2. 67°06'60"N – 22°18'V
3. 67°09'N – 20°48'V
4. 67°01'N – 20°48'V
5. 66°55'N – 21°51'V
6. 66°47'N – 21°51'V
7. 66°47'N – 22°25'V
8. 67°00'25"N – 22°25'V

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. ágúst 1992.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Steinþórsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**yfir þjónusturannsóknir og aðra útselda vinnu  
er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.**

## 1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	Kr/klst.
1. Sérfræðingur . . . . .	2 690,00
2. Aðstoðarmaður . . . . .	1 780,00
3. Sérfræðingur, rannsóknnaðstaða notuð . . . . .	3 650,00
4. Aðstoðarmaður, rannsóknnaðstaða notuð . . . . .	2 725,00

## 2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast skulu vera sem hér segir:

### Efna og örverurannsóknir:

<i>Fiskimjöl:</i>	Kr/klst.
Vatn . . . . .	530,00
Salt . . . . .	850,00
Prótein (Kjeldahl) . . . . .	2 970,00
Prótein (Kjeltec) . . . . .	1 850,00
Fita . . . . .	1 590,00
Aska . . . . .	950,00
Ammoníak . . . . .	795,00
Sandur . . . . .	1 060,00
Fosfór . . . . .	2 120,00
DMNA gasgreining . . . . .	4 240,00
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu . . . . .	1 700,00